

## Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

Fjarfundur var haldinn í samstarfsnefnd Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 2. júlí 2020.

Fulltrúar LSS var: Hermann Sigurðsson og Steinþór Darri Þorsteinsson. Fulltrúar SNS voru: Benedikt Valsson, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

### 1. Bakvaktargreiðslur fyrir hlutastarfandi sjúkraflutningamenn í sveitarfélagi

Málið er í vinnslu.

### 2. Breytt bakvaktafyrirkomulag hjá Brunavörnum sveitarfélaga – Fækkun á vöktum og greiðslur fyrir bakvaktir.

LSS óskar eftir að tekið verði fyrir fækkun á bakvakt hjá Brunavörnum sveitarfélaga. Fækkað var á bakvakt úr 4 í 3 en LSS gerir athugasemd við þá breytingu vegna þess að þá geti þeir ekki mannað slökkvilið eins og lög og reglugerðir gera ráð fyrir.

#### Niðurstaða:

Málið er í vinnslu.

### 3. Bakvaktargreiðslur fyrir slökkviliðsstjóra í sveitarfélagi.

Sveitarfélag óskar eftir skriflegu samþykki samstarfsnefndar SNS og LSS um að semja um annað fyrirkomulag greiðslu fyrir bakvaktir. Sveitarfélag óskar eftir að fjallað verði um erindið með tilliti til fyrirliggjandi upplýsinga um fjölda útkalla til slökkviliðs sveitarfélagsins síðustu 5 ár. Óskað er eftir skriflegu samþykki samstarfsnefndar aðila til að semja um annað fyrirkomulag greiðslu fyrir bakvaktir sbr. grein 2.5.7. í kjarasamningi aðila:

*„Grein 2.5.7. um bakvaktir breytist og hljóði svo: Heimilt er með samkomulagi starfsmanna og forráðamanna stofnunar/sveitarfélags og með skriflegu samþykki samstarfsnefndar aðila að semja um annað fyrirkomulag greiðslu fyrir bakvaktir en að framan greinir. Liggja samþykki samstarfsnefndar ekki fyrir gildir grein 1.6.2.“*

Erindið byggir á samantekt um öll útköll Slökkviliðs sveitarfélags utan dagvinnutíma á árunum 2015 til 2019. Útköllin á síðustu fimm árum eru 93.

Ár	Útköll
2015	20
2016	22
2017	23
2018	14
2019	14

## Niðurstaða.

Málið rætt og niðurstöðu frestað til næsta fundar.

### 4. Yfirvinna 1 og 2 – Breyting á gr. 1.5.1

Samráðsnefndin er sammála um að grein 1.5.1 breytist og hljóði svo þegar ákvæði í fylgiskjöllum 2 og 3 um styttingu vinnutíma koma til framkvæmda fyrir dagvinnufólk þann 1. janúar 2021 og fyrir vaktavinnufólk þann 1. maí 2021 :

- 1.5.1 Yfirvinna er greidd með tímakaupi, sem skiptist í yfirvinnu 1 og yfirvinnu 2. Tímakaup yfirvinnu 1 er 0,9385% af mánaðarlaunum en tímakaup yfirvinnu 2 er 1,0385% af mánaðarlaunum.

Greiðsla fyrir yfirvinnu skal vera með eftirtöldum hætti:

Yfirvinna 1: kl. 08.00 - 17.00 mánudaga – föstudaga.

Yfirvinna 2: kl. 17.00 - 08.00 mánudaga – föstudaga.

Yfirvinna 2: kl. 00.00 - 24.00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga.

Tímakaup yfirvinnu 2 greiðist jafnframt fyrir vinnu umfram fullt starf skv. gr. 2.1.1.

*Standist umsamin tímasetning á framkvæmd styttingar vinnutíma ekki hjá sveitarfélagi/stofnun, fylgir breyting á gr.1.5.1 breyttri dagsetningu.*

*Starfi félagsmaður hjá sama sveitarfélagi á fleiri en einni starfseiningu eða stofnun skal við útreikning á yfirvinnu 1 og 2 miða við heildarstarfshlutfall hjá viðkomandi sveitarfélagi eins og um eitt starf væri að ræða.*

Fleira ekki gert.